

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar  
Stjórnsýsluhúsi  
400 Ísafirði

Ísafjörður, 28. janúar 2020

**Efni: Beiðni almannavarnarnefndar um fjárveitingu vegna kaupa á búnaði fyrir stjórnstöð aðgerðarstjórnar**

Almannavarnarnefnd óskar eftir að Bæjarráð og Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykki fjárveitingu til almannavarnarnefndar vegna kaupa á búnaði fyrir stjórnstöð aðgerðarstjórnar, að fjárhæð kr. 500.000, þannig að umrædd kaup geti farið fram við allra fyrsta tækifæri.

Að kvöldi 14. janúar sl. var aðgerðarstjórn virkjuð vegna þriggja snjóflóða sem féllu á norðanverðum Vestfjörðum. Tvö þeirra féllu á Flateyri, annars vegar á hús við Ólafstún og hins vegar í smábátahöfnina. Þriðja flóðið féll í Súgandafirði sem olli því að stór sjávarbylgja skall á byggð og höfn á Suðureyri, og olli þar skemmdum. Aðgerðarstjórn var virk frá kvöldi 14. janúar sl. og lauk störfum formlega að kvöldi 18. janúar sl., og var viðvera hluta aðgerðatímans allt að 26 klst í einu. Aðgerðarstjórn hefur einnig fundað í nokkur skipti eftir að formlegri viðveru lauk, vegna aukins viðbúnaðar í kjölfar flóðanna.

Aðgerðarstjórn er sameiginleg stjórn viðbragðsaðila, og hefur umboð frá almannavarnarnefnd komi til aðgerða vegna neyðarástands á svæðinu. Í aðgerðarstjórn sitja fulltrúar frá lögreglu, slökkviliði, sveitarfélögum, björgunarsveitum, heilbrigðisstofnun og Rauða Krossi Íslands, auk þeirra sem kalla þarf inn sérstaklega vegna einstakra aðgerða.

Undanfarin misseri hefur verið rætt í almannavarnarnefnd að þörf sé á auknum búnaði fyrir aðgerðarstjórn, svo hún geti rækt hlutverk sitt á sem bestan hátt. Í fyrrgreindri aðgerð kom bersýnilega í ljós þörf til aukins búnaðar, s.s. tölvu-/sjónvarpsskjáa (ásamt veggfestingum), nýs skjávarpa (núverandi varpi er í einkaeigu), stafrænnar klukku og vesta til aðgreiningar á hlutverki þeirra sem starfa í aðgerðarstjórn. Undirritaður, framkvæmdastjóri almannavarnarnefndar, Sigurður Arnar Jónsson, slökkviliðsstjóri, hefur tekið saman verðáætlun fyrir ofangreindan búnað og er ætlað að kostnaður vegna þessa sé um kr. 500.000.

Almannavarnarnefnd biðlar því til Bæjarráðs og Bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að samþykkja fjárveitingu vegna ofangreindra kaupa. Nauðsynlegt er að bæta aðstöðu aðgerðarstjórnar á þennan hátt en aukinn búnaður getur skipt sköpun við störf aðgerðarstjórnar, sem þarf að samþætta viðbúnað og bjargir bæði á vettvangi og utan héraðs, í gegnum Samhæfingarmiðstöðina í Skógarhlíð. Öllu skiptir að störf séu fumlaut unnin, bestu og nýjustu upplýsingar liggi fyrir þegar ákvarðanir eru teknar, að boðleiðir séu skýrar og allir starfi sem einn í þeirri neyð sem skapast í almannavarnarástandi. Nauðsynlegt er að kaup á búnaði fari fram sem allra fyrst.

Fulltrúar lögreglu í almannavarnarnefnd og aðgerðarstjórn, Bryndís Ósk Jónsdóttir, staðgengill lögreglustjóra, og Hlynur Hafberg Snorrason, yfirlögregluþjónn, komu á fund bæjarráðs þann 27. janúar sl., m.a. vegna málsins. Er vísað er til upplýsinga og skýringa sem þar komu fram, en auðsótt er að koma aftur til fundar vegna málsins.

Virðingarfyllt,  
f.h. almannavarnarnefndar



Sigurður Arnar Jónsson, framkvæmdastjóri almannavarnarnefndar og slökkviliðsstjóri Ísafjarðarbæjar